

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Ísfélag Vestmannaeyja FES Vestmannaeyjar



<b>Dags eftirlits</b>	31.8.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Ísfélag Vestmannaeyja FES	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Strandvegi 29	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	660169-1219	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Páll Scheving	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Björgvin og Guðsteinn	<b>Staðsetning</b>	436690,981 326978,971

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirliti en tvö eldri frávik voru opin þegar farið var í eftirlit.

- Losun efna í frárennsli er umfram losunarmörk.
- Ryk í útblæstri var umfram losunarmörk eldra starfsleyfis ( miðað við 3% súrefni), ekki var búið að endurreikna að kröfum í nýju starfleyfi.

Í nýju starfsleyfi frá 6. mars 2020 er heimild til þess að miða útreikninga á rykmagni við 9% súrefnisinnihald útblásturs. Endurútreikningar á rykmagni í útblæstri bárust 5. október sl. og gefa ryk í útblæstri innan losunarmarka og er frávikinu því lokað.

Farið er fram á nýja tímasetta úrbótaáætlun vegna fráviks frá kröfum til efnamagns í frárennsli.

Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja hf. í Vestmannaeyjum (FES), Páll Scheving, Guðsteinn Hlökkversson og Björgvin Björgvinsson voru fulltrúar rekstraraðila en Gottskálk Friðgeirsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Fiskimjölsverksmiðja Ísfélags Vestmannaeyja FES er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 27.8.2014 en gerðar voru breytingar á nokkrum ákvæðum starfsleyfisins í mars 2020 og gildir það til 2030. Helstu breytingar eru að starfsleyfið var uppfært m.t.t. reglugerðar nr. 884/2017 um kröfur til olíu- og lýsismannvirkja og eins var gerð breyting á aðferð til útreikninga á ryki í útblæstri og krafna til skila á umhverfisupplýsingum.

Lóð verksmiðjunnar er á samþykktu deiliskipulagi hafnarsvæðisins. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á fiskimjöli og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum fiskvinnslu. Heimilt er að vinna úr 1200 tonnum af hráefni á sólarhring. Eins er heimil loðnuflokkun og hrognataka og að nýta frákast frá þeirri vinnslu í framleiðsluna.

Dagskrá:

- Síðustu eftirlitsskýrslur (staða fráviks)
  - úrbætur í frárennismálum
  - útblástursmál – breytingar í starfsleyfi
- Kröfur í starfsleyfi um áætlanir, mælingar, skýrslur, tilkynningar og skráningar
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
- Önnur mál, atvik, óhöpp og kvartanir
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

#### 1a. Úrbætur í frárennismálum fiskimjölsverksmiðjunnar.

Hreinsivirki í frárennsli verksmiðjunnar virðist ekki ráða við hreinsun alls frárennslis þegar fiskimjölsverksmiðjan er í gangi og afskurði (aukaafurðum fiskvinnslu) frá frystihúsinu er dælt um kílómetra langa lögn yfir í bræðsluna. Þynna þarf hratið til þess að liðka fyrir dælingunni og við það virðist magn frárennslis yfirkeyra afkastagetu hreinsivirkisins. Frávik var skráð árið 2018 vegna of mikillar fitu í útrás. Frávik er opið þar til rekstraraðilar hafa náð tókum á þessu. Óskað verður eftir nýrri tímasettri úrbótaáætlun um hvernig hreinsun frárennslis verður háttáð á álagstímum í verksmiðjunni.

#### 1b. Úrbætur í útblæstri fiskimjölsverksmiðjunnar

Ryk í útblæstri verksmiðjunnar hefur verið að mælast yfir losunarmörkum þegar niðurstöður mælinga hafa verið umreiknaðar að 3 % súrefni. Í mars sl. var starfsleyfinu breytt þannig að nú er heimilt að miða við 9% súrefni í útblæstrinum. Nýjar upplýsingar hafa borist og er frávikinu nú lokað.

#### 2. Kröfur í starfsleyfi

Farið var yfir kröfur starfsleyfisins. Áætlanir um frágang vegna rekstrarstöðvunar, hreingerningaáætlun og viðbragðsáætlun liggja fyrir. TVN mælingar berast eftir hverja vertíð, mælingar í frárennsli berast árlega. Skýrsla um heildarlosun næringarefna í fráveitu (ákvæði í grein 5.1) er í vinnslu en enn á eftir að ljúka úrvinnslu gagna vegna

kolmunnavertíðar. Mælingar í útblæstri hafa farið fram svo og hljóðmæling (hávaði).

Ýmsar skráningar á rekstrarþáttum skulu gerðar, s.s. viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði. Ekki eru gerðar athugasemdir við skráningar.

Ný krafa er um að skrá skal notkun olíubrennara og reikna út sem hlutfall af keyrslutíma verksmiðjunnar.

### 3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu

Við ákvörðun á tíðni eftirlits með starfsleyfi Ísfélags Vestmannaeyja FES var áhættumat unnið og fiskimjölsverksmiðjan fékk einkunnina 20 sem þýðir A og er í hæsta flokki. Við yfirferð á áhættumatinu virtist ljóst að rekstraraðili þarf að ná tókum á losun í frárennsli og eins að endurreikna losunartölur í útblæstri til þess að uppfylla kröfur til losunar í útblæstri. Eins er möguleiki á að taka upp umhverfisstjórnunarkerfi, vottað eða óvottað til þess að lækka einkunn úr áhættumati. Áhættumatið verður endurskoðað í haust.

### 4. Mengunaróhöpp og kvartanir

Þann 12. ágúst sl. varð mengunaróhöpp. Loki í lekavarnarþró stóð opinn er unnið var við að hreinsa upp olíu sem komist hafði í þróna. Olíuhreinsi hafði verið blandað við olíuna og því kom olíuskilja utan þróar ekki að gagni. Olían endaði í höfninni og starfsmenn hafnarinnar brugðust við og sprautuðu sápu á olíuflekkinn. Ekki er ráðlagt að nota sápu eða dreifiefni (felliefni) í höfnum eða annars staðar á grunnsævi því hætt er við að olían setjist á botn hafnarinnar og kæfi botndýralíf. Úrbætur rekstraraðila voru að yfirfara búnað olíumannvirkjanna og verklagsreglur við tæmingu á þrónni.

Engar kvartanir hafa borist á árinu vegna starfsemi fiskimjölsverksmiðjunnar.

### 5. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Í samræmi við þær skyldur er sameiginlegt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna að skrá neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. *Eyðublaðið; 2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma* var afhent í eftirliti og óskað eftir að olíugeymar sem rekstraraðili notar í starfsemi sinni yrðu skráðir.

Olíu- og lýsismannvirki verksmiðjunnar skulu uppfylla ákvæði í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Botnþykktarmæla þarf olíu- og lýsisgeyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa niðurgrafnar olíu- og lýsislagir á 5 ára fresti.

### ÁBENDINGAR

Rekstraraðili skal láta mæla losun efna í frárennsli á kolmunnavertíð. Sýnatökustaður skal vera við útrás úr hreinsivirki.

Rekstraraðili skal skrá hlutfall notkunar á olíubrennara af keyrslutíma verksmiðjunnar, ellegar verður litið svo á að notkun olíubrennara sé meira en 3% af keyrslutíma verksmiðjunnar.

Rekstraraðili skal skrá olíugeyma á starfssvæði verksmiðjunnar og skila gögnum þar um til Umhverfisstofnunar á Excelskjalinu: [2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma](#)

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um botnþykktarmælingar olíu- og lýsisgeyma og þrýsiprófanir niðurgrafinna olíu- og lýsislagna.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.11.2020



Gottskálk Friðgeirsson